

Sp.

292. Tillaga

til þingsályktunar um smíði brúa og vita hjer á landi.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson og Hjeðinn Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta smíða hjer á landi brýr og vita, sem fyrirhugað er að byggja.
2. Að nota áhaldasmiðju ríkissjóðs til nýsmíða og aðgerða, er landið þarf að láta framkvæma.

Greinargerð.

Sá orðrómur hefir komið upp, að smíða eigi erlendis brýr þær, sem nú eru fyrirhugaðar. Slikt væri alveg óforsvaranlegt, að álitu flutningsmanna, því það dregur vinnu og fje úr landi, en nógir hæfir menn til að vinna þetta hjer. Hafa og eigi allfáar brýr verið smíðaðar í smíðju ríkissjóðs hjer í Reykja-

vik og hafa eigi heyrst kvartanir um, að þær væru ver gerðar en brýr þær, sem erlendis hafa verið smíðaðar. Annar liður tillögunnar lýtur að því að nota sem mest áhaldasmíðju rikissjóðs, bæði til nýsmíði og aðgerða, en misbrestur nokkur á því sagður, að þangað fari til aðgerða allt það, er þar væri hægt að vinna jafnvel og jafnódýrt eða ódýrara en annarsstaðar.